

Föstudaginn 9. október 1970.

Nr. 59/1970. Pálmi Sigurðsson (Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Steingrími Arnar og Fiski h/f

(Björn Sveinbjörnsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Kaupgjaldsmál. Fyrning sjóveðréttar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur Malmquist, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og Angantýr Eliasson skipstjóri hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. marz 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Krefst hann þess, að stefnda Steingrími Arnar verði dæmt að greiða kr. 56.696.10 með 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1965 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Kröfur áfrýjanda á hendur Fiski h/f eru þær, að hlutafélagið verði dæmt til að þola sjóveðrétt í m/b Mjölni, GK 323, til tryggingar dæmdum fjárhæðum á hendur stefnda Steingrími Arnar. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi hins stefnda hlutafélags.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 28. október 1969.

Mál þetta, sem var dómtekið hinn 21. október s.l., hefur Pálmi Sigurðsson skipstjóri, Hólagötu 18, Vestmannaeyjum, höfðað með réttarstefnu, útgefinni 14. júlí 1966, birtri 15. s. m. fyrir Steingrími Arnar og 2. ágúst fyrir gjaldkera Fisks h/f, á hendur Steingrími Arnar, Faxastíg 39, Vestmannaeyjum, til heimtu skipstjóra-kaups, aflahlutar og skaðabóta vegna fyrirvaralausrar brottvikningar úr skipstjórastarfi á m/b Ólafi Magnússyni, AK 102, samtals að fjárhæð kr. 56.969.10 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1965 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands, enn fremur núverandi eiganda Mjólnis, GK 323 (áður Brandur, VE 313, og þar áður Ólafur Magnússon, AK 102), Fiski h/f, Hafnarfirði, til að þola viðurkenningu á sjóveðrétti í bátnum fyrir framangreindum kröfum.

Stefndu hafa krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að stefnandi réðst sem skipstjóri á bát stefnda, Ólaf Magnússon, AK 102, hinn 7. júní 1965. Hinn 26. júní s. á. lögskráði stefnandi skipshöfn á bátinn, m. a. stefnda sem háseta. Hinn 27. júlí 1965 var komið úr veiðiferð kl. 1100 og skipverjar boðaðir til skips í aðra veiðiferð kl. 1300 s. d.

Stefndi kom eigi til skips kl. 1300, enda segir hann, að hann hafi sagt stefnanda, að hann hygðist hætta sem háseti á bátnum. Stefnandi hefur hins vegar haldið því fram, að stefndi hafi aldrei rætt við hann um að hætta á bátnum.

Stefnandi sagði í skýrslu sinni, að hann hefði gefið II. vélstjóra frí vegna heimilisástæðna og ætlað stefnda að taka við því starfi í næstu veiðiferð, en stefndi taldi hins vegar, að honum væri óhætt að fara í land, þar sem báturinn gæti vel haldið áfram að veiða, þó að hann færi eigi með. Reynt var að ná í stefnda á tímabilinu kl. 1300—1500, en kl. 1500 boðaði stefnandi, að haldið yrði á veiðar kl. 2000.

Stefnandi sagði, að þegar hann hafi komið um borð rétt fyrir kl. 2000, hafi stýrimaður, Valdimar Karlsson, verið þar fyrir og sagt, að stefndi hafi komið um borð skömmu áður og sagt honum, að stefnandi færi eigi oftár út með Ólaf Magnússon, og hafi stefndi gefið stýrimanni leyfi til að fara með m/s Herjólfí til Reykjavíkur sama dag kl. 2100, sem stýrimaður gerði.

Með þessu segir stefnandi, að stefndi hafi vikið honum fyrirvaralaust úr starfi.

Stefndi segir aftur á móti í sinni aðiljaskýrslu, að hann hafi ekki gefið neitt ferðaleyfi, en þegar hann hafi séð, að eigi var hægt að fá stýrimann ofan af förinni, hafi hann undir kl. 2100 fallizt á, að stýrimaður færi, þar sem útséð hafi verið um það, að báturinn færi á veiðar fyrir þjóðhátíð.

Í málinu var lagt fram vottorð, dómsskjal nr. 8, frá stýrimanni skipsins, Valdimar Karlssyni, þar sem segir meðal annars, að um kl. 1830 hafi stefndi komið um borð og sagt meðal annars, að hann gæti ekki starfað með stefnanda sem skipstjóra og færi Pálmi ekki oftar út með m/b Ólaf Magnússon og gæti stýrimaðurinn farið til Reykjavíkur um kvöldið. Vottorð þetta er óstaðfest fyrir rétti.

Árni Mortensen háseti vottar í dómsskjali nr. 9, að hann hafi hitt stefnda um kvöldmatarleytið og hafi hann sagt sér, að skipið færi eigi á veiðar fyrr en eftir þjóðhátíð. Vottorð þetta er óstaðfest. Bæði stýrimaður og Árni munu nú staddir erlendis til lengri dvalar.

Ágúst Ólafsson, Brekastíg 24, Vestmannaeyjum, I. vélstjóri á m/b Ólafi Magnússyni, vottar í dómsskjali nr. 17, að sjálfhætt hafi verið við að fara út um kvöldið, vegna þess að stefndi og II. vélstjóri hafi eigi mætt til skips og að stýrimaður hafi verið á förum til Reykjavíkur. Hann sagði einnig, að hann hefði hitt stefnda daginn eftir og hafi hann þá spurt, hvers vegna stefndi hafi eigi komið til skips. Hafi stefndi svarað því til, að hann gæti ekki starfað með stefnanda sem skipstjóra. Þegar Ágúst Ólafsson mætti til að staðfesta skýrslu sína fyrir rétti, sagði hann allt rétt, sem í vottorðinu stæði, nema hvað stefndi hefði aldrei sagt, að hann gæti ekki starfað með stefnanda.

Stefnandi sendi síðan stefnda bréf, dags. 9. ágúst, þar sem hann segir meðal annars, að stefndi taki sínar eigin ákvarðanir um áframhaldandi rekstur bátsins.

Stefndi lét skrá á bátinn 9. ágúst í nafni stefnanda í þeirri von, að stefnandi kæmi aftur, að hann segir.

Annar hinna sérfróðu meðdómenda, Páll Þorbjörnsson, skilaði séráliti.

Rökstuðningur meiri hluta dómsins.

Stefnandi og stefndi hafa ekkert ræðzt við 9. ágúst, hvorugur hefur sent frá sér skriflega uppsögn, eins og þó er gert ráð fyrir í 19. gr. samninga þeirra, er lagðir eru fram í málinu. Það verður

á engan hátt hægt að draga þá ályktun af því, þó að stefndi fari af skipinu, að hann þar með sé að segja stefnanda upp starfi. Enda lítum við svo á, að jafnvel þó að stefndi hafi sagt við skipverja, að hann gæti ekki starfað með stefnanda, þá sé það ekki um uppsögn skipstjóra að ræða.

Hinu ber eigi að leyna, að mjög undarleg virðast samskipti aðilja máls þessa, þar sem þeir ræðast ekkert við á tímabilinu 27. júlí til 9. ágúst, en 9. ágúst ritaði stefnandi stefnda mjög svo óljóst orðað bréf, sem stefndi virðist ekki hafa svarað.

Þykir því eigi hægt með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, að taka til greina hvorki kröfur stefnanda um bætur fyrir fyrirvaralaus brottvikningu né kröfur stefnda um bætur fyrir fyrirvaralaus brottför. Þykja báðir aðiljar eiga sök hér á.

Aðrir kröfufliðir á dómsskjali nr. 3 hafa allir verið viðurkenndir og samþykktir af stefnda, og verða þeir því teknir óbreyttir til greina.

Þar sem stefna er eigi birt fyrr en 2. ágúst 1966 á hendur Fiski h/f auk þess sem málið er eigi þingfest fyrr en 22. september 1966, þá er sjóveðréttur í Mjölni, GK 323, fyrndur, sbr. 232. gr. laga nr. 66/1963, sbr. og 11. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda laun fyrir vinnu á tímabilinu 7. júní 1965 til 1. ágúst sama árs, kr. 28.411.83, að frádregnum kr. 18.695.00, sem þegar eru greiddar, eða kr. 9.716.83 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1965 til greiðsludags.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 3.300.00 í málskostnað. Stefndi Fiskur h/f skal vera sýkn í máli þessu, en málskostnaður falli niður, að því er hann varðar.

Dómsorð:

Stefndi Steingrímur Arnar greiði stefnanda, Pálma Sigurðssyni, kr. 9.716.83 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1965 til greiðsludags og kr. 3.300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndi Fiskur h/f skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Pálma Sigurðssonar.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði Páls Þorbjörnssonar skipstjóra.

Ég er sammála málavaxtalýsingu meiri hluta dómsins, en styð

niðurstöðu mína þeim rökum, að skipstjórinn á m/b Ólafi Magnússyni, Pálmi Sigurðsson, skrifaði útgerðarmanninum Steingrími Arnar bréf út af ágreiningi þeirra, réttarskjal nr. 5. Þessu bréfi svarar útgerðarmaðurinn aldrei, heldur fer í skipshöfnina samdægurs og spyr, hvort skipshöfnin vilji fara út með sér sem skipstjóra. Eftir jákvætt svar skipshafnarinnar ræður útgerðarmaðurinn tvo háseta á bátinn og skráir þá samdægurs, 9. ágúst. Síðan heldur báturinn á veiðar skipstjóralaus. Útgerðarmaðurinn segist hins vegar hafa afskráð skipstjórann seinna, eða 25. ágúst. Ég tel, að allt framferði útgerðarmannsins verði að heimfæra undir, að hann hafi 9. ágúst vikið skipstjóranum úr starfi, án þess að hann hafi haft uppi lögmætar ástæður eða aðferðir við verknadinn. Tel ég því, að dæma beri skipstjóranum bætur, er svári til uppsagnarfrests.

Þar sem ég tel skipstjóra vikið úr starfi 9. ágúst, þá ber að viðurkenna sjóveðrétt í Mjölni, GK.

Niðurstaða: Taka ber til greina allar kröfur stefnanda í málinu, þannig að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda stefnukröfuna, kr. 56.969.10, ásamt 8% ársvöxtum frá 9. ágúst 1965 til greiðsludags. Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 11.400.00 í málskostnað.

Stefndi Fiskur h/f verður dæmdur til að þola sjóveðrétt í m/b Mjölni, GK, fyrir dómkröfunum.

Dómsorð:

Stefndi Steingrímur Arnar greiði stefnandanum, Pálma Sigurðssyni, kr. 56.969.10 ásamt 8% ársvöxtum frá 9. ágúst 1965 til greiðsludags og kr. 11.400.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndi Fiskur h/f skal þola sjóveðrétt í m/b Mjölni, GK 323, fyrir dómkröfunum.